

Fjölbrautarskóli Snæfellinga
Fundargerð –11. fundur
9. ágúst 2004

Mættir: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Björg Ágústsdóttir, Sveinn Þór Elínbergsson, Sigríður Finsen, Pétur Guðmundsson og Guðbjörg Aðalbergisdóttir.

1. Fundur settur

Kjartan Páll setti fundinn kl 16:30 og bauð nefndarmenn velkomna.

2. Húsnæðismál

Skólameistari upplýsti að góðar horfur eru á að húsnæðið verði tilbúið á settum tíma. Ólafur Tryggvason húsvörður er mættur til starfa en hann hefur umsjón með ýmsum þáttum í sambandi við frágang húsnæðisins. Húsgögn og annar búnaður er tilbúinn og ljóst að hann verður afhentur á réttum tíma.

3. Skólasetning

Stefnt er að því að kennsla byrji mánudaginn 30. ágúst, stundatöflur verði afhentar föstudaginn 27. ágúst. Þetta getur þó breyst, beðið er svara með mætingu menntamálaráðherra við setningu skólans.

4. Skólaakstur

Auglýst var eftir tilboðum í skólaakstur, alls bárust 5 tilboð. Ljóst er að amk 2 tilboð eru ekki í það sem beðið var um tilboð í, þar sem tilboðin miðast aðeins við helming þeirrar leiðar sem aka þarf á hverjum degi. Skólameistari mun ræða við þann sem á hagstæðasta tilboðið sem er Sæmundur í Borgarnesi.

Ljóst er að tap verður á skólaakstri amk. fyrsta árið þar sem nemendafjöldi nægir ekki til að standa undir honum. Rætt var um erindi til sveitarfélaganna um að þau komi að lausn þessa.

5. Önnur mál

Skólameistari lagði fram stundatöflu fyrir haustönn, rúmlega 100 nemendur eru skráðir í skólann á önninni.

Mánudaginn 9.ágúst opnaði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra FSN –vefinn formlega frá skrifstofu sinni í Reykjavík. Skólameistari, kennarar og hluti skólanefndar var viðstaddur í anddyri skólans þar sem stillt var upp fartölvu og viðstaddir fylgdust með.

Samþykkt var að semja við Kaffi 59 og Krákuna um að veitingastaðirnir bjóði nemendum skólans áskrift að hádegismat á haustönn, athugað verði frekar með hvernig mötuneytismálum verði háttað þegar húsnæði fyrir skólann er fullbúið.

Fundi slitið.